Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 15. janúar 2025
2001382/211.01 ÁFJ

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11.2026

Efni: Viðmið um skóladagatöl 2025-2026 - ósk um endurskoðun

Á fundi menntaráðs þann 3. desember 2024 voru samþykkt viðmið fyrir skóladagatöl grunnskólanna skólaárið 2024-2025.

Í viðmiðunum segir m.a.:
Grunnskólar hafa leyfi til að hafa einn tvöfaldan dag á skóladagatali, þ.e. að í kjölfar heils skóladags geti verið skertur dagur. Skv. áliti ráðuneytis er ekki heimilt að hafa tvo skerta daga nemenda sama daginn (t.d. foreldraviðtöl fyrri hluta dags og skólaslit eða árshátíð síðdegis.

Nú liggur fyrir erindi frá Lindaskóla þar sem óskað er eftir leyfi til að hafa tvo tvöfalda daga á skóladagatali til að unnt sé að halda sama fyrirkomulagi og verið hefur síðustu tvo áratugi í skólanum, þ.e. að viðtöl séu tekin eftir að skóladegi lýkur, bæði á haustönn og vorönn.

Rétt er að sömu viðmið gildi fyrir alla skóla bæjarins og þarf menntaráð því að taka afstöðu til þess hvort að framangreindum viðmiðum verði breytt á þann hátt að gefið verði leyfi til að hafa tvo tvöfalda daga á skóladagatali.
Skv. áliti ráðuneytis frá 16. ágúst 2012 er slíkt heimilt ef samkomulag er um það í viðkomandi skólasamfélagi.

Virðingarfyllst,

Ágúst Frímann Jakobsson
Deildastjóri grunnskóladeildar